

## Fjarfundur 21.mars 2023 með Samút og VJP fulltrúum.

mættir;

Sveinbjörn Halldórsson

Snorri Ingimarsson

Karl Ingólfsson

Skúli H. Skúlason

Sigríður Arna Arnþórsdóttir

Þórhallur Borgarsson

Dagskrá fundarins

1. Utanvegaakstur í Vatnajökulsþjóðgarði
2. Fréttir af stjórnarfundum
3. Námskeið fyrir svæðisráð og varamenn þeirra
4. Önnur mál

Sveinbjörn setur fundinn og við tökum fyrir fyrsta mál fundarinn sem er;

1. **Utanvegaakstur í Vatnajökulsþjóðgarði.** Síðustu daga hefur borið nokkuð á fréttum í fjölmiðlum af utanvegaakstri í þjóðgarðinum og fer þar hæst frétt þar sem vitnað er í þjóðgarðsvörð.

[https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-19-mikill-og-ljotur-utanvegaakstur-a-breidamerkursandi?fbclid=IwAR10VxkvHVjSkp5Lqq2D0rxE9Z4n-LgeErcwGtEHhvP4A5s1rG\\_Fq1\\_xawQ](https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-19-mikill-og-ljotur-utanvegaakstur-a-breidamerkursandi?fbclid=IwAR10VxkvHVjSkp5Lqq2D0rxE9Z4n-LgeErcwGtEHhvP4A5s1rG_Fq1_xawQ)

<https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-02-13-til-greina-kemur-ad-takmarka-fjolda-sem-fer-i-ishella>

við ræðum þetta vítt og breytt og sérstaklega hugtakið “utanvegaakstur” sem okkur finnst nokkuð harkalega notað hér við vinnslu þessara fréttu. Að aka í kanti illa farins slóða til að komast leiðar sinnar er lagt að jöfnu því þegar óprúttir aðilar fara viljandi út fyrir veg jafnvel marga kílómetra yfir gróíð viðkvæmt land og skemma það viljandi!

Tölum um hvort ekki þurfi nýtt hugtak fyrir akstur á vegöxl.

Við veltum fyrir okkur hvort ekki vanti upp á viðhald vega? Hvort ekki sé farið offari í upplýsingagjöf til fjölmiðla og hástemd lýsingarorð notuð þegar þau eiga mögulega ekki við svo sem “Mikill og ljótur” Spurt er hvaða lýsingarorð verði notuð þegar um alvöru Utanvegaakstur er að ræða sem er mikill og ljótur?

Bent er á að ferðapjónustan greiðir leyfisgjöld vegna íshellaferðanna og við veltum því fyrir okkur hvort þjóðgarðurinn beri engar skyldur gagnvart þeim í formi viðhaldi á vegum.

Slóðinn inn í Þröng er bara slóði, ekki vegur með vegnúmeri og því gilda ekki vegalög um hann. Ferðapjónustan hefur ítrekað beðið um að fá að kosta viðhald á veginum en verið hafnað. Þessi slóði ásamt öðrum í sama ástandi veldur slæmri umræðu um þjóðgarðinn.

2. **Fréttir af stjórnarfund;** Snorri fer yfir síðasta fund stjórnar.
3. **Námskeið fyrir svæðisráð og varamenn þeirra** Ingibjörg Smáradóttir verkefnastjóri þjóðgarðsins boðaði nýlega fulltrúa á námskeið um starfshætti þjóðgarðsins, þessari fundarboðun fylgdu skjöl sem okkur hafði áður borist sem drög til umsagnar. Nú bárust þau okkur óbreytt áfram sem drög. Rétt fyrir fundinn fékk undirrituð útskýringu frá Tryggva Þórhallssyni lögfræðingi þess eðlis að á námskeiðinu standi til að safna áfram athugasemdum við skjölin. Snorri sagði frá því að sama námskeið hefði verið haldið fyrir stjórnina og hvatti okkur til þess að nýta námskeiðið vel og þar kæmi ýmislegt gagnlegt fram. undir þetta tóku Karl, Skúli og Einar sem nefndu helst umræðu um bókanir og hæfi sem væri gagnleg.
4. **Önnur mál.** Sigríður Arna nefnir að nú er mikil umræða um vindorku annarsvegar og hinsvegar fiskeldi í sjó. Telur hún að við ættum að taka þetta fyrir á fundi, hvort þessi málefni séu þess eðlis að Samút ætti að álykta um þau. Nefnir hún að vindmillur á hálendi Íslands hafi mikil áhrif á sjónræna upplifun. Einnig þurfum við að meta hver afstaða Samút á að vera til fiskeldis í sjó og við strandir landsins. Þórhallur nefnir áhugaverðan fund sem hann sat hjá NAUST - Náttúruverndarsamtök Austurlands um orkuskiptin þar sem fjallað var vindmillur og hvetur hann fundarmenn til þess að athuga hvort hægt sé að horfa á fundinn eftirá. Einnig hvetur hann fundarmenn til þess að lesa svonefnt “Vogafrumvarp” í Samráðsgáttinni undir; Raflínunefnd. Spjöllum síðan fram og til baka um andann í hverju svæðisráði fyrir sig, hvernig gengur að fá að bóka og fl.

**Ákveðum næsta fundardag þann 12. Apríl n.k. kl. 12:00**

Fundargerð skráð 22.mars 2023  
eftir bestu vitund og minni  
Sigríður Arna Arnþórsdóttir